

Tillaga	A 1970/UVU
Flytjandi	Flokkahópur hægrimanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

## Þingmannatillaga um að flýta fyrir afnámi stjórnarsýsluhindrana með efldu starfsumboði fyrir Stjórnarsýsluhindranaráðið

Flokkahópur hægrimanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að efla vinnu við afnám stjórnarsýsluhindrana og koma í veg fyrir nýjar stjórnarsýsluhindranir og setja þetta starf í forgang.

efla umboð Stjórnarsýsluhindranaráðsins meðal annars með háu mælanlegu markmiði um hversu margar stjórnarsýsluhindranir skuli afnumdar á hverju ári.

### Bakgrunnur

Til að framtíðarsýnin um Norðurlönd sem samþættasta og sjálfbærasta svæði heims árið 2030 verði uppfyllt verður að auka og leggja meiri áherslu á vinnuna að því að afnema og fyrirbyggja stjórnarsýsluhindranir. Stjórnarsýsluhindranaráðið og Stjórnarsýsluhindranahópurinn eru lykiláðilar í þessari vinnu. Þessir áðilar þurfa að fá eftt starfsumboð og metnaðarfyllri markmið. Þess vegna var það fagnaðarefni þegar starfsumboð Stjórnarsýsluhindranaráðsins var eftt á mörgum sviðum árið 2022. Fyrst og fremst var starfsumboð ráðsins á erfiðleikatímum eftt. Ráðið hefur nú fengið það verkefni „Að á erfiðleikatímum stuðla að betri þekkingu á skilvirkari norrænni samræmingu um vandamál tengd frjálsri för með því að upplýsa ríkisstjórnir og viðeigandi ráðherranefndir og svið um slík vandamál á Norðurlöndum, ekki síst á landamærasvæðum, og vera til staðar með þekkingu sína og reynslu.“

Þetta aukna umboð er eðlileg afleiðing reynslunnar af kórónuveirufaraldursins, þegar norræn samræming gekk alls ekki fyrir sig eins og hún á að gera. Í ársskýrslu Stjórnarsýsluhindranaráðsins 2020/2021 kemur fram að allt að 121 raskanir vegna heimsfaraldursins voru tilkynntar áfram til norrænu ríkisstjórnanna og annarra aðila sem geta leyst stjórnarsýsluhindranir. Aukið starfsumboð Stjórnarsýsluhindranaráðsins til að bregðast við á erfiðleikatímum mun vonandi stuðla að því að þau mörgu alvarlegu vandamál og raskanir á frjálsri för á Norðurlöndum sem komu upp í kórónuveirufaraldrinum endurtaki sig ekki.



Það sem er áhyggjuefni er þó að mælanleg markmið í starfi Stjórnsýsluhindranaráðsins hafa lækkað. Í starfsumboði ráðsins 2022-2024 er markmiðið að afnema fimm til átta stjórnsýsluhindranir á ári hverju. Markmiðið var áður að afnema átta til tólf hindranir. Það er lykilatriði að efla vinnuna við að afnema og fyrirbyggja stjórnsýsluhindranir til að framtíðarsýnin um Norðurlöndum sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims verði uppfyllt. Þess vegna þarf að efla starfsumboð Stjórnsýsluhindranaráðsins, meðal annars með háu mælanlegu markmiði um hversu margar stjórnsýsluhindranir skuli afnumdar á ári hverju.

Kaupmannahöfn, 4. september 2023

*Maria Stockhaus (M)*

*Lars Püß (M)*

*Johan Hultberg (M)*

*Ann-Sofie Alm (M)*

*Helge Orten (H)*

*Tone Wilhelmsen Trøen (H)*

*Lene Westgaard-Halle (H)*

*Liv Kari Eskeland (H)*

*Heikki Autto (Saml)*

*Noora Fagerström (Saml)*

*Marko Kilpi (Saml)*

*Karoliina Partanen (Saml)*

*Bryndís Haraldsdóttir (Sj)*

*Ásmundur Friðriksson (Sj)*

*Brigitte Klitskov Jerkel (KF)*